



Val á fulltrúum í stjórn nemendafélags grunnskóla og félagsmiðstöðvarráð – leiðbeiningar og viðmið

Almennt um stjórn nemendafélags og lýðræðisstarf í félagsmiðstöðvum

Samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 98 frá 2008 á nemendafélag að starfa við grunnskóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélagið vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og á skólastjóri að sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélagið á að setja sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins (oft kallað nemendaráð) og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Samkvæmt starfsskrá frístundamiðstöðva frá 2015 skal í starfi félagsmiðstöðva leggja áherslu á virka þátttöku og lýðræði og grunnhugmyndafræði starfsins byggir á barna- og unglíngalýðræði. Til að tryggja samráð við börn og unglínga um málefni félagsmiðstöðvarinnar eru þrjár leiðir algengastar og þeim jafnvel blandað saman:

1. Kosið með lýðræðislegum hætti í ráð eða nefndir.
2. Skapaður opinn vettvangur þar sem öllum áhugasömum gefst tækifæri til að taka þátt í starfi ráði og nefnda.
3. Einstaklingar eða hópar axla ábyrgð á og fylgja eigin hugmyndum eða verkefnum frá upphafi til enda.

Stjórn/ráð hefur starfsmann sem aðstoðar og leiðbeinir um hvernig á að vinna lýðræðislega því að það skiptir máli að hlustað sé á raddir allra sem eru í stjórn eða ráði. Stundum er það starfsmaður skólans sem er til aðstoðar en stundum getur það líka verið starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar. Oft vinnur starfsfólk skóla og félagsmiðstöðvar saman að því að styðja við stjórn nemendafélags en starfsmaður félagsmiðstöðvar vinnur yfirleitt með félagsmiðstöðvaráði (stundum talað um unglíngaráð og miðstigsráð).

Mikið og gott samstarf er víða á milli grunnskóla og félagsmiðstöðva varðandi nemendafélög, stjórnir nemendafélaga og ráð og nefndir í félagsmiðstöðvum. Þar sem verið er að vinna með sama barna- og unglíngahóp getur verið gott að einfalda málin og vinna saman með eitt nemendafélag og stjórn nemendafélags eða finna aðra góða leið sem virkar vel varðandi samstarf um lýðræðisstarf í skóla og félagsmiðstöð. Samsetning ráða og nefnda ræðst einnig af aldursamsetningu barna í viðkomandi skóla (heildstæður skóli, unglíngaskóli, yngri stiga skóli) og vel getur farið á því að hafa aðgreint lýðræðisstarf fyrir hvert aldursstig (yngsta stig, miðstig og unglíngastig) í góðu samstarfi skóla, frístundaheimils og félagsmiðstöðvar eftir því sem við á hverju sinni.

Mikilvægt er að huga að því að ráð og nefndir endurspegli sem best barna- og unglíngahópin, svo sem hvað varðar kynjaskiptingu, bakgrunn og aldurskiptingu. Það getur þýtt að ákveðnir hópar þurfa sérstaka hvatningu til að bjóða sig fram til þátttöku og huga þarf að því með hvaða hætti er best að kynna starfið svo að það höfði til fjölbreytts hóps. Kynjaskiptingu er til dæmis gott að ávarpa í starfsreglum stjórnar/ráðs.

Mismunandi getur verið hversu margir fulltrúar skipa stjórn eða ráð og það þarf að koma fram í starfsreglum sem hægt er að yfirfara og uppfæra árlega hjá nýrri stjórn eða ráði. Til dæmis er



hægt að vera með tíu fulltrúa (geta líka verið fleiri eða færri) sem skipast þannig að það er formaður, varaformaður og átta meðstjórnendur. Hægt er að leggja upp með að formaður sé í 10. bekk og að tryggt sé að það séu að minnsta kosti tveir úr hverjum árgangi í 8. – 10. bekk. Það er einnig hægt að vera með fleiri fulltrúa og bæta þá til dæmis við einum fulltrúa úr hverjum árgangi í 5. -7. bekk. Nemendur í hverjum árgangi velja þá sinn/sína fulltrúa en kjósa ekki fulltrúa úr öðrum árgöngum. Það getur í sumum tilfellum verið gott að velja fulltrúa úr hverjum bekk til að sitja í stjórn/ráði en það fer þó mikið eftir fjölda bekkja/hópa hvort að það þykir góður kostur.

Helstu verkefni:

- ✓ Yfirfara reglur nemendafélagsins/félagsmiðstöðvarráðs og koma með tillögur að breytingum ef á þarf að halda.
- ✓ Skipuleggja félagslífið í skóla og starfið í félagsmiðstöðinni.
- ✓ Umfjöllun um erindi frá nemendum, foreldrafélagi, félagsmiðstöð eða öðrum.
- ✓ Þátttaka í verkefnum á vegum skóla og félagsmiðstöðvar þegar þess er óskað.
- ✓ Fjalla um hagsmuna- og velferðarmál nemenda
- ✓ Ákveða hvernig best er að hafa samstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar varðandi félagslífið og aðra viðburði.
- ✓ Virkja aðra til þátttöku, t.d. með því að vera með hugmyndagátt og halda nemendaping eða stórfundi þar sem öllum tækifæri til að taka þátt og koma viðeigandi málum á framfæri og taka þátt í umræðum.
- ✓ Ákveða fyrirkomulag næstu kosninga, til dæmis hvort kosið er að hausti eða vori eða hvernig á að kalla eftir frambjóðendum og hvernig starfið er kynnt fyrir frambjóðendum.

Starfsáætlun og starfsreglur fyrir veturinn:

- ✓ Fyrsti fundur er haldinn fyrir 1. október (getur verið fyrr ef kosið er að vori).
- ✓ Kosið er í embætti á fyrsta fundi, t.d. formann og varaformann stjórnar eða ráðs.
- ✓ Gera ráð fyrir að minnsta kosti mánaðarlegum fundum, þar á meðal einum fundi með stjórn nemendafélags og fulltrúum í skólaráði yfir veturinn.
- ✓ Yfirfara þarf starfsreglur og uppfæra ef ástæða þykir til, t.d. hvað varðar fjölda fulltrúa, skiptingu niður á árganga og kynjaskiptingu.
- ✓ Stjórn/ráð setur sér starfsreglur um fyrirkomulag funda og þátttöku fulltrúa á fundum og gerir starfsáætlun fyrir veturinn/árið.
- ✓ Unnið er eftir samþykktum reglum um fundarstjórn, fundarritun og birtingu fundargerða.

Fyrirkomulag funda:

- ✓ Boðað er til funda með þeim hætti sem stjórn/ráð ákveður við upphaf starfstíma.
- ✓ Formaður eða staðgengill hans stýrir fundum ráðsins í samræmi við dagskrá, til dæmis getur verið gott að fulltrúar skiptist á við að stýra fundunum.
- ✓ Leggja skal áherslu á að raddir allra fulltrúa fái að heyrast og þær vegi jafn þungt.
- ✓ Mismunandi skoðanir eru virtar.
- ✓ Fundargerð er skráð og birt á heimasíðu eða annars staðar þar sem hún er aðgengileg.



Dæmi um starfsreglur:

Nemendafélag X

1. grein: Félagið heitir Nemendafélag X og hefur aðsetur í X.
2. grein: Allir nemendur í X eru félagar í nemendafélaginu. Einungis nemendur í 8.-10. bekk mega sitja í embættum og einungis nemendur í 8.-10. bekk hafa atkvæðis og kosningarrétt. Nemendur í 6. og 7. bekk eru skipaðir í embætti af kennara.
3. grein: Hlutverk Nemendafélags X er að:
 - að gæta hagsmuna nemenda í skólanum.
 - að miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans.
4. grein: Stjórn Nemendafélags X skipa 7 aðilar úr 8.-10. bekk og 2 aðilar úr 6. og 7. bekk.
5. grein: Ný stjórn er kosin í upphafi hvers árs með lýðræðislegum, leynilegum kosningum.
6. grein: Stjórn félagsins skal funda a.m.k. 1 skipti í mánuði. Skyldumæting er á fundi og ber að tilkynna félagskennara forföll, ef fulltrúi getur ekki mætt á hann að útvega varamann í sinn stað.
7. grein: Nemendur sem sitja í stjórn nemendafélags skulu leitast við að vera til fyrirmyndar og þeir nemendur sem neyta áfengis, vímuefna eða tóbaks, geta ekki verið í stjórn. Ekki er heimilt að ræða mál einstaka nemenda.
8. grein: Endurskoða skal lög félagsins árlega. Lög þessi skulu þegar taka gildi og falla þar með önnur lög sem sett hafa verið úr gildi.

Nemendafélag Y

Kosið er í nemendaráð að hausti.

Fráfarandi nemendaráð ásamt félagsmálakennara/umsjónarkennara eða deildarstjóra kynna hlutverk nemendaráðs og nemendaráðsmanna áður en kosningar fara fram svo allir geri sér grein fyrir mikilvægi kosninganna.

Reglur við kosningu í bekkjum

1. Kosningar í nemendaráði eru í umsjá umsjónarkennara á bekkjarvísu.
2. Kosningin er leynileg þar sem hver nemandi greiðir eitt atkvæði.
3. Sá nemandi sem hlýtur bestu kosninguna ber sigur úr býtum. Nauðsynlegt getur verið að kjósa oftast en einu sinni á milli þeirra sem hljóta flest atkvæði.
4. Kosið er um formannssætið eftir að nemendaráð hefur verið skipað. Ef fleiri en einn býður sig fram fer fram kosning.

Fundur nemendaráðs:

Skyldumæting er á alla fundi nemendaráðs og þurfa nemendaráðsmenn að gera grein fyrir forföllum sínum. Nemendaráð skal funda að lágmarki einu sinni í mánuði á reglulegum fundartíma sem ákveðinn er að hausti.

Deildarstjóri og kennari/kennarar stjórna fundum ráðsins og hafa tilbúna dagskrá fundarins þegar fundarmenn mæta á fundinn. Þeir tryggja að allir fái að láta álit sitt í ljós og að menn haldi sig við efnið. Ritari skrifar fundargerð, skráir fundartíma, fundarmenn og ákvarðanir fundarins.

Sameiginleg stjórn nemendafélags og félagsmiðstöðvar

Ráðið heitir Sameiginlegt ráð X og Y.

Ráðið kemur saman til fundar einu sinni í mánuði.

Í ráðinu eru alls 20 nemendur og ekki fleiri en 10 af sama kyni, einn aðalfulltrúi og annar varafulltrúi úr hverjum árgangi og skulu þeir ekki vera af sama kyni.

Markmið ráðsins er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum barna og unglinga.

Fulltrúar bera upp mál til umfjöllunar á fundum ráðsins.



Þess er vænst að fulltrúar séu fyrirmyndir annara barna og unglunga og séu tilbúnir að vinna í þágu þeirra.

Val á fulltrúum í ráðið fer þannig fram að í hverjum árgangi eru valdir fulltrúar árgangsins í leynilegum kosningum.

Verði fulltrúar uppvísir af ósæmilegri hegðun á fundum eða utan þeirra geta þeir misst rétt til setu í ráðinu.

Fulltrúar skiptast á að stjórna fundunum.

Einn ritari er valinn og ritar hann fundargerðir.

Tryggja skal aðgengi allra barna og unglunga til að koma sínum málum á framfæri við ráðið.

Nemendaráðsfulltrúar bregðast við öllum málum sem borin eru upp við ráðið.

Val á fulltrúum - hugmyndir og gátlisti

Hugmynd 1:

Kosið er í stjórn nemendafélags annars vegar til að huga að málefnum og félagslífi skólans og félagsmiðstöðvarráð hins vegar til að huga að starfinu í félagsmiðstöðinni. Reglulegt samstarf er að milli þessara tveggja ráða, t.d. með sameiginlegum fundi einu sinni á önn. Starfsmaður grunnskóla starfar með stjórn nemendafélags en starfsmaður félagsmiðstöðvar með félagsmiðstöðvarráði og þessir aðilar eru í reglulegu samstarfi.

Hugmynd 2:

Skóli og félagsmiðstöð eru í samstarfi um að kynna hlutverk og verkefni stjórnar nemendafélags og kosnir eru fulltrúar í eina stjórn sem vinnur bæði að málefnum skólans og félagsmiðstöðvar. Starfsmaður skóla og félagsmiðstöðvar starfa báðir með fulltrúum í stjórn.

Hugmynd 3:

Þeir sem velja valgreinina „félagsmálaval“ skipa stjórn nemendafélags. Kennari/leiðbeinandi valgreinar starfar með og styður stjórn í sinni vinnu. Ef fjöldi unglunga er mikill getur verið gott að huga að því að skipta hópnum upp í fámennari ráð og nefndir eftir því sem hentar best.

Hugmynd 4:

Kosið er í stjórn nemendafélags og starfsmaður skóla starfar með stjórninni. Starfsmaður félagsmiðstöðvar kemur reglulega inn á fundi stjórnar til að tryggja gott upplýsingaflæði á milli skóla og félagsmiðstöðvar. Félagsmiðstöð er með opna dagskrárgerðarfundi mánaðarlega þar sem allir sem hafa áhuga geta tekið þátt í að skipuleggja dagskrá félagsmiðstöðvarinnar næsta mánuðinn og ræða málefni félagsmiðstöðvarinnar.

Gátlisti:

- Unnið eftir starfsreglum nemendafélags/félagsmiðstöðvarráð þegar valdir eru fulltrúar. Ef þær starfsreglur eru ekki til þarf að vinna þær í hópnum.
- Nemendafélag/félagsmiðstöðvarráð fær aðstoð við að kynna hlutverk stjórnar/ráðs og standa fyrir framboði og kosningum fulltrúa. Ef stjórn/ráð er valgrein þarf að kynna það sérstaklega og hvetja fjölbreyttan hóp til þátttöku.
- Við val á fulltrúum er samhliða frætt um fulltrúalýðræði og hvernig það virkar.
- Hver fulltrúi er valinn til eins árs í senn.



- Samsetning stjórnar/ráðs endurspeglar samfélagið í skólanum, s.s. hvað varðar kynjaskiptingu, aldur og bakgrunn.
- Fulltrúar hafa sérstakan stuðningsaðila úr skólanum eða félagsmiðstöð sem aðstoðar þá við að búa sig undir fundi og að vinna úr þeim málum sem rædd eru á fundum.
- Fulltrúum er markvisst gert kleift að kynna störf nemendafélags/félagsmiðstöðvarráð og málefni þess fyrir nemendum skólans.
- Börnum er tryggður vettvangur til að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri s.s. með hugmyndakassa, hugmyndagátt eða nemendapingi.

Nánari upplýsingar um starf stjórnar nemendafélags og félagsmiðstöðvarráðs

Myndband um stjórn nemendafélags og unglingaráð (2021) sem unnið var af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Með íslenskum texta: <https://vimeo.com/showcase/8941596/video/626474764>

Með enskum texta: <https://vimeo.com/showcase/8941596/video/626470018>

Með pólskum texta: <https://vimeo.com/showcase/8941596/video/626465454>

Myndband um störf nemendafélaga (2016) er að finna inni á heimasíðu Samfok (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík):

<https://youtu.be/XLcm-RempJY>

Myndbandið með íslenskum texta:

<https://youtu.be/OyFxMSoIIhI>


Ýmsar upplýsingar og verkfæri sem nýtast í lýðræðisstarfi í skóla- og frístundastarfi er að finna á vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar:

<https://menntastefna.is/verkfaerakista/>



Þáttökulíkon sem gott er hafa að leiðarljósi í lýðræðisvinnu með börnum

Prepaskipt líkan Roger Hart (1992) sýnir vel hvaða vinnulag þarf að viðhafa til þess að hægt sé að segja að um raunverulega þátttöku og lýðræðisleg vinnubrögð sé að ræða. Í fyrstu þremur þrepunum felst lítil virk þátttaka en hún eykst síðan eftir því sem ofar dregur. Fjallað er nánar um líkanið í [Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva](#) frá 2019.



Í lokaverkefni sínu til MPA-gráðu við Háskóla Íslands sem ber heitið „Ekkert um okkur án okkar“ (2020) fjallar Vigdís Friða Þorvaldsdóttir um þáttökulíkan Lauru Lundy sem gott getur verið að nota sem mælitæki varðandi samráð við börn. Með líkaninu er hægt að meta áhrif barna með því að líta til þess hvernig samráði við þau er háttað og hvernig börn upplifa það samráð út frá þeim fjórum þáttum sem eru tilgreindir á myndinni. Nánar er fjallað um líkanið í [ritgerð Vigdísar Friðu](#).

<p>RÖDD</p> <p>Veita upplýsingar við hæfi og tryggja að börn geti tjáð skoðanir sínar</p> <ul style="list-style-type: none"> Hafa börn fengið þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að geta myndað sér skoðun? Eru börn upplýst um að þau þurfi ekki að taka þátt? Hafa börn fengið að velja milli ólíkra valkosta um hvernig þau geta tjáð sig? 	<p>VETTVANGUR</p> <p>Skapa öruggt rými fyrir öll börn til þess að tjá skoðanir sínar</p> <ul style="list-style-type: none"> Hefur verið leitað með virkum hætti eftir skoðunum barna? Var til öruggt rými þar sem börn gátu tjáð sig frjálst? Hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja að öll börn geti tekið þátt?
<p>ÁHEYRN</p> <p>Tryggja að skoðunum barna sé miðlað til aðila sem ber ábyrgð á því að taka tillit til þeirra</p> <ul style="list-style-type: none"> Er ferli til staðar sem tryggir miðlun á skoðunum barna? Vita börn til hvers eða hvers stendur til að miðla skoðunum þeirra? Hefur sá aðili eða stofnun sem hlustar vald til þess að taka ákvarðanir? 	<p>ÁHRIF</p> <p>Tryggja að tekið sé tillit til skoðana barna og brugðist sé við þeim þar sem það á við</p> <ul style="list-style-type: none"> Var tekið tillit til skoðana barnsins af hálfu aðila sem hafa vald til að koma á breytingum? Eru ferlar til staðar sem tryggja að mark sé tekið á skoðunum barna? Hafa börnin fengið endurgjöf sem gerir þeim kleift að skilja grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið?

(Vigdís Friða Þorvaldsdóttir, 2020)